

Ed.

517. Frumvarp til laga

[228. mál]

um fyrirtækjaskrá.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Hagstofa Íslands skal halda skrá, er nefnist fyrirtækjaskrá, yfir einstaklinga, félög og aðra aðila, sem reka sjálfstæða atvinnu, svo og yfir embætti, stofnanir (þar með sjálfseignarstofnanir) og félagssamtök, sem að dómi Hagstofunnar hafa þá starfsemi, að ástæða sé til að skrá þau. — Skrá þessi skal færð jafnóðum til samræmis við áorðnar breytingar, eftir því sem við verður komið.

Aðili, sem byggir hús eða annað mannvirki til eigin nota, eða framkvæmir viðgerð á slíkum eignum í eigin notkun, telst ekki reka sjálfstæða atvinnu samkvæmt

1. málsg. þessarar gr., nema um sé að ræða byggingu eða viðgerð vegna atvinnurekstrar eða annarrar starfsemi, er um ræðir í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

2. gr.

Í þessum lögum er orðið fyrirtæki notað sem samheiti um alla þá aðila, sem fyrri málsg. 1. gr. tekur til. Orðið atvinnurekstur tekur á hliðstæðan hátt til hvers konar starfsemi, sem þessir aðilar reka sem slíkir.

3. gr.

Stjórnsýsla ríkisins og annarra opinberra aðila í sambandi við atvinnurekstur styðst við skrár og önnur starfsgögn frá fyrirtækjaskrá, eftir því sem hlutaðeigandi stjórnarvöld ákveða í samráði við Hagstofuna. Auk þess skal fyrirtækjaskrá vera tæki til hagskýrslugerðar um atvinnuvegi landsmanna o. fl.

4. gr.

Í fyrirtækjaskrá skal skrá nafn og aðsetur fyrirtækja, auðkennisnúmer þeirra, atvinnugreinarnúmer samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar, og þau atriði önnur varðandi störf og hagi fyrirtækja, sem hún ákveður.

Fyrirtæki, sem hafa með höndum fleiri en eina tegund starfsemi samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar, eða reka sömu starfsemi á tveimur eða fleiri stöðum, skulu, eftir því sem aðstæður leyfa, skráð samkvæmt því í fyrirtækjaskrá, þ. e. hver atvinnugrein og hver starfsstaður telst þar sérstök rekstrareind.

5. gr.

Í fyrirtækjaskrá hefur hvert fyrirtæki sitt auðkennisnúmer. Einstaklingur, sem rekur sjálfstæða atvinnu í eigin nafni, hefur nafnnúmer sitt samkvæmt þjóðskrá sem auðkennisnúmer. Önnur fyrirtæki skulu fá sérstakt auðkennisnúmer í fyrirtækjaskrá. Hagstofan gefur út skirteini til þeirra, þar sem auk heitis og póstaðseturs er tilgreint auðkennisnúmer, atvinnugreinarnúmer og þau atriði önnur, sem henta þykir að hafa á skirteininu.

Opinber aðili, er notar auðkennisnúmer fyrirtækjaskrár í umsýslu sinni, getur krafizt þess, að fyrirtæki sýni skirteini (sbr. 1. málsg.) sem sönnunargagn um númer og önnur skráningaratriði í fyrirtækjaskrá.

Heimilt er að gefa út sérstakt skirteini fyrirtækjaskrár önnig til einstaklinga, sem reka sjálfstæða atvinnu í eigin nafni (sbr. 1. málsg.), og kemur það þá í stað nafnskirteinis í þessu sambandi.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, með reglugerð eða á annan hátt, að aðilar þeir, er um ræðir í 1. málsg. 1. gr., skuli tilkynna Hagstofunni upphaf og lok atvinnurekstrar síns, enn fremur aðsetur starfsstöðva og breytingar á því, og loks þær breytingar aðrar, sem upplýsingar þarf að fá um til starfrækslu fyrirtækjaskrár. — Upphaf atvinnurekstrar reiknast frá þeim tíma, er aðili hefur sölu eða hliðstæða afhendingu á vöru eða þjónustu til viðskiptamanna. Þó skal upphaf atvinnurekstrar reiknast frá þeim tíma, er hlutaðeigandi hóf notkun aðkeypts vinnuafis vegna hans, ef það á sér stað áður en sala á vöru eða þjónustu til viðskiptamanna hefst.

Ákvarðanir samkvæmt 1. málsg. þessarar gr. um, að tilkynningarskylda skuli koma til framkvæmda, skulu bundnar við tilteknar greinar samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

Hagstofan gerir eyðublöð undir tilkynningar þær, er um ræðir í 1. málsg., og kveður á um skilafresti og annað í því sambandi.

7. gr.

Skattyfirvöld aðstoða Hagstofuna við starfrækslu fyrirtækjaskrár með veitingu upplýsinga og eftirgrennslunum, eftir því sem nánar verður ákveðið með samkomulagi ríkisskattstjóra og hagstofustjóra.

Aðrir opinberir aðilar, er hafa undir höndum upplýsingar, sem þörf er á til starfrækslu fyrirtækjaskrár, skulu láta þær í té samkvæmt því, sem um semst milli hlutaðeigenda.

8. gr.

Heimilt er að krefja alla húseigendur og aðra umráðamenn húsnæðis upplýsinga um, hvaða fyrirtæki hafa starfsstöð í húsum þeirra.

Heimilt er að krefjast þess af félagssamtökum aðila, sem reka sjálfstæða atvinnu í einstökum greinum — þar á meðal af félagssamtökum meistara í iðnaði — að þeir láti í té skrár yfir meðlimi sína og aðstoði á annan hátt við starfrækslu fyrirtækjaskrár.

9. gr.

Til hagnýtingar fyrirtækjaskrár til skýrslugerðar um atvinnuvegina skulu fyrirtæki láta Hagstofunni í té upplýsingar um starfsemi sína og aðra hagi, að svo miklu leyti sem eðlileg þörf fyrir slíka skýrsluöflun segir til um. Fyrirtæki skulu láta slíkar upplýsingar í té á þann hátt og á þeim tímum, sem Hagstofan ákveður.

10. gr.

Óheimilt er að skýra frá upplýsingum, sem fyrirtæki láta í té samkvæmt 9. gr. og eru trúnaðarmál, nema með samþykki hlutaðeigenda. Þeir, sem vinna við úrvinnslu slíkra gagna, mega ekki, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir komast að um hagi einstakra fyrirtækja.

11. gr.

Hagstofan veitir hverjum sem er upplýsingar um það, sem skráð er um einstök fyrirtæki samkv. fyrri málsg. 4. gr., enda sé eigi um að ræða upplýsingar, er Hagstofan hefur fengið frá fyrirtækjum sem trúnaðarmál, sbr. 10. gr. Embætti og stofnanir fá slíka þjónustu ókeypis, enda þurfi þær upplýsinganna við vegna embættisrekstrar eða hliðstæðra starfa. Sé hér um að ræða meiri háttar verk, getur Hagstofan þó krafizt greiðslu. Að öðru leyti tekur Hagstofan greiðslu fyrir veitingu upplýsinga úr fyrirtækjaskrá, eftir gjaldskrá, sem hún setur.

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að í stað manntals árið 1970 samkvæmt lögum nr. 4/1920 skuli, með aðstoð fyrirtækjaskrár og þjóðskrár, fara fram athugun á mannafla þjóðarinnar til atvinnustarfa á þessu ári, með þeim hætti, sem Hagstofan ákveður í samráði við aðra opinbera aðila, sem mál þetta snertir.

13. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja, með reglugerð eða á annan hátt, nánari fyrirhætti um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Nú bregzt það, að látnar séu í té upplýsingar samkvæmt 9. gr., áður en almennum skilafresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað aðila með dagsektum, 100—1000 kr. á dag, til að láta upplýsingar í té. Dagsektir taka gildi 5 dögum eftir að aðili meðtekur símskeyti eða bréf um þær, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur.

Nú kemur það í ljós, að aðili, er skal veita upplýsingar samkvæmt 9. gr., hefur vanrækt að láta þær í té áður en skilafresti lauk, og varðar það þá sektum allt að 10 000 kr.

Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. málsg. þessarar gr. Skal greiðsla þessi innt af hendi eigi síðar en 7 dögum eftir að hlutaðeigandi afhenti Hagstofu hina síðbúnu skýrslu eða setti hana í póst.

15. gr.

Nú er ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 1. málsg. 6. gr., og skulu þá brot gegn ákvæðum um tilkynningarskyldu varða sektum 300—3000 kr. Ákvæði 2. málsg. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, skulu gilda um mál þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hagstofustjóri hefur samið frumvarp þetta. Í því er lagt til, að komið verði á fót heildarskrá yfir fyrirtæki í landinu, er sé sem næst jafnóðum færð til samræmis við þær breytingar, sem verða. Ný fyrirtæki eru þannig tekin á skrá, fyrirtæki, sem hætta störfum, eru felld af skrá eða sett á sérskrá, póstaðsetri er breytt, þegar fyrirtæki fær nýtt aðsetur, o. s. frv. „Fyrirtæki“ tekur hér ekki aðeins til aðila — einstaklinga, félaga o. s. frv. — sem hafa með höndum atvinnurekstur í venjulegum skilningi, heldur einnig til embætta, stofnana og félagssamtaka með starfsemi, sem ástæða er talin til að taka á skrá. Þannig er t. d. gert ráð fyrir, að slíkur aðili, sem hefur útgjöld til launa, þótt lítill séu, verði tekinn í fyrirtækjaskrá, og sömuleiðis ef hann á fasteign eða hluta af fasteign. En aðilar, sem reka ekki atvinnu í venjulegri merkingu þess orðs og hvorki hafa launakostnað né eiga fasteign, verði að jafnaði ekki teknir í fyrirtækjaskrá.

Með stofnun þjóðskrár á sínum tíma var einum opinberum aðila falin stjórn almannaskráningar og landinu. Því fylgdi m. a. það hlutverk að sjá opinberum aðilum og öðrum hlutaðeigendum fyrir tæmandi og að öðru leyti sem fullkornustum skráum yfir íbúa landsins, en nákvæmar og öruggar skrár eru skilyrði góðra vinnubragða og annarrar hagkvæmni í stjórnsýslu og hliðstæðum störfum á öðrum vettvangi. Þjóðskráin varð þegar í upphafi undirstaða opinberrar gjaldheimtu, og þýðing hennar á öðrum sviðum stjórnsýslu hefur vaxið með hverju ári. Jafnframt hefur þjóðskráin verið tæki til hagskýrslugerðar um fólkið í landinu. Ljóst hefur verið, að æskilegt væri, að einum opinberum aðila væri á sama hátt falið að sjá um skráningu allra fyrirtækja í landinu, með tilheyrandi skrárgerð í hágu hvers konar stjórnsýslu í sambandi við atvinnurekstur, og um leið fengist tæki til skýrslugerðar um atvinnuvegi landsmanna.

Hagstofan hefur nokkur undanfarin ár unnið að stofnun fyrirtækjaskrár, og er það verk nú komið á lokastig. Hér hefur verið stuðzt við margvíslegar heimildir: skattskrár og slysatryggingarskrár skattfyrivalda, símaskrár og ýmsar aðrar prentaðar skrár, firma- og félagatilkynningar í Lögbirtingablaði, árlegar skýrslur forðagæzlumanna (um búendur), skýrslur Fiskifélagsins um aðila í útgerð og fiskverkun, fréttir og auglýsingar í dagblöðum, listar yfir fyrirtæki frá fyrirsvarsmönnum einstakra starfsgreina, og yfir félagssamtök frá félagasamböndum o. þ. h. Hér hefur auk þess margt annað komið til, þar á meðal beinar eftirgrennslanir Hagstofunnar sjálfrar. Skattstjórar hafa látið henni í té mjög mikilsverða aðstoð, og sama er að segja um fyrirsvarsmenn ýmissa samtaka atvinnurekenda í einstökum greinum.

Þörf er lagasetningar um fyrirtækjaskrá aðallega af tveimur ástæðum. Annars vegar þarf með lögum að kveða á um skyldu fyrirtækja til að nota skírteini fyrirtækjaskrár (sbr. 5. gr. frv.). Hins vegar þarf að vera fyrir hendi lagaheimild til að skylda fyrirtæki í tilteknum atvinnugreinum til að tilkynna upphaf og lok atvinnurekstrar, aðsetursbreytingar o. fl., með tilheyrandi ákvæðum um viðurlög.

Við starfrækslu fyrirtækjaskrár verður að sjálfsögðu notuð nútíma véltækni eins og við þjóðskrá. Með tilkomu rafeinda-skýrsluvéla til vinnslu gatspjalda og hliðstæðra miðla sköpuðust algerlega ný viðhorf í öllu varðandi starfsaðferðir og starfsafköst í opinberri starfrækslu og skýrslugerð. Er hér um að ræða viðtæka vélvæðingu skrifstofustarfa, sem nú ryður sér til rúms hvarvetna. Þessari nýju tækni fylgir mikill

vinnusparnaður, stóraukið öryggi í störfum og margfaldur vinnuhraði, auk þess sem unnt er að fá, með tiltölulega litlum eða engum aukakostnaði, ólíkt betri starfsgögn og skýrslur um starfsemi stofnana og fyrirtækja en áður voru fánlegar. Rétt á haldið á þessi nýja véltækni að leiða til sparnaðar og aukinnar hagkvæmni á þeim starfssviðum, sem hún á við, en hinu er ekki að leynd, að þessir nýju starfshættir gera stórauknar kröfur um skipuleg vinnubrögð og nákvæmni í störfum, og getur allur ávinningur runnið út í sandinn, ef ekki er rétt á haldið. — Hagnýting þessarar nýju tækni er meðal annars byggð á því, að hverjum einstaklingi, fyrirtæki eða öðrum „aðila“, sem vélarnar vinna með og framleiða skrár og önnur starfsgögn um, er gefið númer, sem er fast auðkenni og m. a. notað til þess að koma heim og saman í skýrsluvélum öllum upplýsingaatriðum varðandi hvern aðila um sig. Í þessu skyni fengu þegar á árinu 1959 allir landsmenn 12 ára og eldri nafnnúmer í þjóðskrá. Á árinu 1964 var „vartölu“ bætt við nafnnúmerið, en með aðstoð hennar segir skýrsluvél til, þegar rangt auðkennisnúmer er sett í hana. Með þessu er hægt að leiðrétta röng auðkennisnúmer þegar í byrjun verkferils, en af því er mikið hagræði. Loks voru, með útgáfu nafnskirteina til allra einstaklinga 12 ára og eldri (sbr. lög nr. 25/1965, um útgáfu og notkun nafnskirteina), sköpuð skilyrði til fullrar hagnýtingar á nafnnúmeri þjóðskrár. Til þess þurfti hver einstaklingur að þekkja sitt nafnnúmer og að hafa í höndum skilríki til að sanna, hvert það væri. Nafnskirteinið gegnir þessu hlutverki.

Með stofnun fyrirtækjaskrár er stefnt að því að beita alveg sams konar aðferðum við skráningu fyrirtækja og notaðar eru við almannaskráningu hér á landi. Sama er að segja um hagnýtingu fyrirtækjaskrár — hún verður alveg hliðstæð hagnýtingu þjóðskrár, annars vegar til almennrar stjórnsýslu og hins vegar til hagskýrslugerðar. Um tengslin milli þessara tveggja skráa er það að segja, að þjóðskráin verður að hluta grundvöllur að starfrækslu fyrirtækjaskrár. Hún hlýtur samkvæmt eðli málsins að byggja á þjóðskrá að því er varðar upplýsingar um einstaklinga, sem reka sjálfstæða atvinnu einir, en þeir verða í meiri hluta í fyrirtækjaskrá (bændur, meistarar í iðnaði o. fl. koma til að vega þungt í henni). Nöfn slíkra einstaklinga verða skráð í fyrirtækjaskrá eins og þau eru rituð í þjóðskrá, auðkennisnúmer þeirra samkvæmt henni verður notað sem slíkt í fyrirtækjaskrá, og aðsetur þeirra verður einnig tekið eftir þjóðskrá, þegar svo ber undir. Þá notar fyrirtækjaskrá að sjálfsögðu staðartákntölukerfi þjóðskrár, þ. e. aðallega tákntölur hennar um kaupstaði, sýslur og hreppsfélög. Auk þess kemur fyrirtækjaskrá til að styðjast við þjóðskrá að ýmsu öðru leyti. Tilvist þjóðskrárinnar gerir þannig stofnun og starfrækslu fyrirtækjaskrár miklu auðveldari og kostnaðarminni en ella hefði orðið. Segja má, að þjóðskráin sé skilyrði fyrir starfrækslu fyrirtækjaskrár, því að án hinnar fyrr nefndu hefði varla komið til greina að koma á fót fyrirtækjaskrá eins og hér er fyrirhuguð.

Þjóðskráin er samkvæmt uppbyggingu sinni og starfsháttum ákjósanlegt hjálpartæki til stofnsetningar og starfrækslu á vélskrám til margvíslegra nota. Auk almennrar fyrirtækjaskrár, sem hér er ráðgerð, hefur Hagstofan komið á fót nemendaskrá, þar sem skráður er námsferill sérhvers nemanda frá og með síðasta ári skyldunáms. Þessi skrá byggist á þjóðskrá að öllu leyti.

Auk fyrr greindra aðalmarkmiða fyrirtækjaskrár, er gert ráð fyrir, að upplýsingaþjónusta verði stór þáttur í starfsemi hennar. Hún kemur til að veita hverjum sem er upplýsingar um fyrirtæki hvar sem er á landinu, þ. e. um heiti og staðsetningu fyrirtækja, um atvinnugrein eða -greinar, sem þau starfa í, og um sitthvað fleira, en þó að sjálfsögðu ekki um neitt það, sem Hagstofan hefur fengið vitneskju um sem trúnaðarmál. Með þessu verður bætt úr mjög brýnni þörf fyrir skipulega upplýsingaþjónustu varðandi fyrirtæki. Gjald verður tekið fyrir þessa þjónustu, en opinberir aðilar eiga þó að fá hana ókeypis, sjá 11. gr. frv. Þjóðskráin hefur frá upphafi starfað sem slík upplýsingamiðstöð á sínu starfssviði, og hefur þýðing hennar farið vaxandi með hverju ári. — Til viðbótar því að svara fram hornum fyrirspurnum um fyrirtæki, munu verða gefnar út árlega skrár til sölu. Verður senni-

lega um að ræða þrjú þættar skrár: 1) Heildarskrá fyrirtækja (þar með stofnana og félagssamtaka) á öllu landinu í einni samfelldri stafrófsröð. 2) Skrá, þar sem fyrirtæki eru flokkuð eftir atvinnugreinum. 3) Skrá, þar sem fyrirtæki hvers sveitarfélags eru út af fyrir sig. Í öllum þremur skráum mundi, auk heitis, auðkennisnúmers, staðsetningar og póstaðseturs hvers fyrirtækis, verða getið atvinnugreinar og forms rekstraraðildar (einstaklingsfyrirtæki, sameignarfélag, hlutafélag, samvinnufélag o. s. frv.).

Það mundi verða of langt mál að gera ýtarlega grein fyrir tilhögun fyrirtækjaskrár, en þó þykir rétt að skýra frá nokkrum undirstöðuatriðum hennar. Hvert fyrirtæki hefur sitt grunnspjald í fyrirtækjaskrá, og ef það rekur fleiri en eina tegund starfsemi samkvæmt flokkunarskrá Hagstofunnar um atvinnuvegina, fær hvert fyrirtæki spjald fyrir hverja „rekstrareind“. Það er þó að jafnaði skilyrði slíkrar sundurgreiningar fyrirtækis, að sjálfstætt reikningshald sé fyrir hverja grein þess. Ef svo er ekki, fær það aðeins eitt grunnspjald í fyrirtækjaskrá, og það flokkast til þeirrar atvinnugreinar, sem aðalstarfsemi þess tilheyrir. — Fyrirtæki, sem hefur starfsstöð í sömu atvinnugrein í fleiri en einu sveitarfélagi, fær grunnspjald fyrir hverja þeirra. En hafi það fleiri en eina starfsstöð í sömu grein í sama sveitarfélagi, fær það að svo stöddu aðeins eitt grunnspjald fyrir starfsemi sína.

Í grunnspjaldi hvers fyrirtækis, eða hvernar rekstrareindar fyrirtækis, eru þessi skráningaratriði:

- 1) Heiti fyrirtækis, þ. e. nafn einstaklings, sem rekur það einn í eigin nafni, en ella sérstakt heiti fyrirtækis einstaklings eða annars aðila, að jafnaði samkvæmt firmaskrá eða félagaskrá. Ritun slíkra heita í fyrirtækjaskrá er að sjálfsögðu stöðluð eftir ákveðnum reglum.
- 2) Póstaðsetur fyrirtækis, þ. e. aðsetur skrifstofu, ef hún er ekki á þeim stað, þar sem aðalstarfsemi fer fram.
- 3) Sveitarfélag starfsstaðar samkvæmt tákntölukerfi þjóðskrár.
- 4) Tákntala þess skattsvæðis, sem fyrirtækið tilheyrir samkvæmt staðsetningu starfsstaðar þess.
- 5) Tákntala þeirrar atvinnugreinar, sem fyrirtæki eða rekstrareind þess tilheyrir samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.
- 6) Auðkennisnúmer fyrirtækis, sem er nafnnúmer samkvæmt þjóðskrá, þegar um er að ræða rekstur einstaklings í eigin nafni, en ella sérstakt fyrirtækisnúmer, sem er þó innan ramma nafnnúmerkerfis þjóðskrár. Ef fyrirtæki er greint í sundur eftir tegund starfsemi, fær hver rekstrareind sinn bókstaf til viðbótar hinu 8 stafa auðkennisnúmeri, sem er sameiginlegt fyrir allt fyrirtækið.
- 7) Tákntala forms rekstraraðildar (t. d. 1 = einstaklingsfyrirtæki, 2 = sameignarfélag, o. s. frv.).
- 8) Loks er í grunnspjaldi hvers þess fyrirtækis, sem rekið er af einstaklingi undir sérstöku heiti, nafnnúmer hans samkvæmt þjóðskrá, svo að örugglega liggja fyrir, hver hlutaðeigandi er, og bein leið sé að þjóðskrárspjaldi hans við vélvinnslu.

Þetta eru hin föstu skráningaratriði fyrirtækjaskrár — sbr. fyrri málsg. 4. gr. — og eru þau aðallega miðuð við þarfir stjórnýslu. En um leið verða á hverjum tíma tiltækar í fyrirtækjaskrá upplýsingar um tölu atvinnufyrirtækja í hverri grein og í hverju sveitarfélagi, og um skiptingu þeirra eftir formi rekstraraðildar, o. fl. Á því að verða vel séð fyrir hagskýrslugerð um þessi efni, eftir að fyrirtækjaskrá er komin á fastan grundvöll. En þetta er aðeins byrjun, því að stefnt er að því, að fyrirtækjaskrá verði hagnýtt til að fá til skýrslugerðar margvíslegar upplýsingar úr gögnum skattyfirvalda og fleiri opinberra aðila, sem til þessa hefur ekki verið unnt að nýta nema að takmörkuðu leyti. Skattyfirvöld nota vélsjald fyrirtækjaskrár, og öll vélvinnsla skattgagna hvers fyrirtækis er tengd auðkennisnúmeri þess í fyrirtækjaskrá. Þetta þýðir, að upplýsingar í þessum gögnum verða tiltækar til tölufræðilegrar vélvinnslu með þeirri sundurgreiningu, sem grunnspjald fyrirtækjaskrár gerir mögulega. Hér er aðallega um að ræða skiptingu eftir atvinnugreinum

og stöðum, og eftir formi rekstraraðildar. Þannig verður mikilvægur efniviður til-
tækur til skýrslugerðar í vélum, án þess að það þurfi að kosta skattyfirvöld teljandi
viðbótarvinnu. Hér má nefna upplýsingar um brúttóveltu fyrirtækja, rekstrarafkomu,
skattskyldar tekjur, slysatryggðar vinnuvikur, launakostnað o. fl. — Vegna kostnaðar
og af ýmsum öðrum ástæðum ber að leggja á það megináherzlu, að íslensk hag-
skýrslugerð sé skipulögð þannig, að sem mest af henni fáiast sjálfkrafa sem af-
rakstur af opinberri starfrækslu, sem innt er af hendi hvort sem er. Þetta á sér-
staklega við skýrslugerð um atvinnuvegi landsmanna. Um þá er árlega aflað fjöl-
þættra gagna, bæði til gjaldheimtu og annarra nota, sem rétt á haldið ætti að vera
hægt að nota sem efnivið í ýtarlega og fljótvirka skýrslugerð um atvinnuvegina.

Það er fyrst með tilkomu fyrirtækjaskrár, sem möguleikar opnast til viðtækrar
hagnýtingar skattgagna til hagskýrslugerðar, en þó hefur þegar verið gert nokkurt
átak í því efni. Frá og með vinnuárinu 1963 varð atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar
grundvöllur til skiptingar starfa í áhættuflokka, sem skattyfirvöld framkvæma, og
Hagstofan hefur síðan hagnýtt slysatryggingarspjöld þeirra til þess að gera árlega
skýrslu um slysatryggðar vinnuvikur eftir atvinnugreinum (síðast birt fyrir vinnu-
árið 1967, í marzblaði Hagtiðinda 1969). Hér er um að ræða gagnlega skýrslugerð.
en hún kostar allmikla vinnu á skattstofunum, og auk þess skortir af eðlilegum
ástæðum mikið á, að flokkun starfa til atvinnugreina sé fullnægjandi. Þetta hvort
tveggja á að breytast með tilkomu fyrirtækjaskrár, því að þá verður flokkun starfa
í hverju fyrirtæki fyrirfram gefin með tákntölu atvinnugreinar á grunnspjaldi því,
sem fyrirtækjaskrá lætur skattstofum í té. — Auk þessarar skýrslugerðar um slysa-
tryggðar vinnuvikur, hefur Hagstofan, frá og með tekjuárinu 1962, gert árlega skýrslu
um tekjur starfsstétta samkvæmt framtölum (skýrsla um tekjuárið 1967 birtist í
aprílblaði Hagtiðinda 1969). Er þar um að ræða flokkun framteljenda til starfsstéttar
eftir sérstakri flokkunarskrá Hagstofunnar. Framkvæma skattstofurnar hana á þann
hátt, að starfsstéttartákn hvers framteljanda er gatað í skattspjald hans, og fær Hag-
stofan það síðar til vélúrvinnslu.

Rétt er að taka það fram, að þau framtíðaráform, sem hér hefur verið tæpt á,
geta ekki orðið að veruleika fyrr en eftir að starfræksla fyrirtækjaskrár er komin
á fastan grundvöll. En á því getur orðið bið, og eru þar sérstaklega hafðir í huga fyrir-
sjáanlegir örðugleikar í sambandi við öflun gagna til viðhalds fyrirtækjaskrár. Auk
þess þarf að breyta sumum störfum á skattstofunum, svo að unnt verði að koma
þessum áformum í framkvæmd með viðunandi hætti.

Kostnaður við stofnun fyrirtækjaskrár hefur hingað til verið greiddur af al-
mennum árlegum fjárveitingum til Hagstofunnar, að því frátöldu, að frá og með árs-
byrjun 1969 var bætt við einum starfsmanni vegna þessa verkefnis. Eins og horfir
er ekki gert ráð fyrir frekari starfslíðs aukningu vegna fyrirtækjaskrár. Að öðru leyti
verður um að ræða viðbótarkostnað vegna vélvinnslu fyrirtækjaskrár, en á móti
sparast kostnaður við sömu verk, sem fram að þessu hafa verið unnin fyrir skatt-
stofurnar. Hér verður þó um að ræða einhver viðbótarútgjöld, en hluti þeirra mun
fást greiddur með tekjum fyrir selda þjónustu — þar á meðal fyrir seld rit — sem
geta orðið talsverðar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1.—2. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um starfssvið fyrirtækjaskrár, og í 2. gr. er stutt skilgreining
á hugtökunum fyrirtæki og atvinnurekstur. Um þetta er fjallað nánar í almennu at-
hugasemdunum hér að framan. Erfitt er að setja fyrirfram ákveðnar reglur um, hvar
markalínan skuli liggja milli starfsemi, sem er tekin á skrá, og starfsemi, sem er
utan við starfssvið fyrirtækjaskrár, þar eð hún er óveruleg eða sérstaks eðlis.
Reynslan verður að skera úr um, hvað telst hagkvæmt og eðlilegt í þessu efni. Þó má
t. d. geta þess, að leigusalar húsnæðis munu ekki verða teknir á skrá sem slíkir,
nema um sé að ræða aðalatvinnu hlutaðeiganda eða stöðuga starfsemi í allstórum stíl.

Um 3. gr.

Í þessari gr. er tekið fram, hver sé aðaltilgangur fyrirtækjaskrár, en um það vísast til nánari greinargerðar í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 4. gr.

Í fyrri málsgr. þessarar gr. eru ákvæði um skráningaratriði fyrirtækjaskrár, en í almennu athugasemdunum að framan er gerð nokkur grein fyrir þeim.

Um 5. gr.

Hér eru ákvæði um auðkennisnúmer, sem er nafnnúmer samkvæmt þjóðskrá, þegar um er að ræða fyrirtæki rekið af einstaklingi í eigin nafni, en önnur fyrirtæki fá sérstakt einkennisnúmer, þó innan nafnnúmerkerfis þjóðskrár. Þá er í þessari gr. kveðið á um notkun skírteina, og eru þau hliðstæð fyrirmælum í lögum nr. 25/1965, um útgáfu og notkun nafnskrírteina.

Um 6. gr.

Til viðhalds á skráningaratriðum fyrirtækjaskrár er óhjákvæmilegt að skylda aðila að vissu marki til að tilkynna upphaf og lok atvinnurekstrar, breytingar á starfsstöð o. fl. En vegna þess að ástæðulaust er, að slík skylda taki til allrar starfsemi, og óvíst er, hve viðtæk hún þarf að vera, þykir rétt að hafa þetta í heimildarformi. Mun þegar þar að kemur verða tilkynnt, hvaða atvinnugreinar verða tilkynningarskyldar.

Sumir kunna að telja, að slík tilkynningarskylda eigi ekki rétt á sér, en flestir munu þó viðurkenna, að atvinnurekstur sé það þýðingarmikil athöfn í samfélaginu, að eðlilegt sé, að stjórnarvöld fái vitneskju um upphaf og lok hans, og hvar hann á sér stað. Í þessu sambandi er rétt, að það komi fram, að samkvæmt 11. gr. söluskattslaga, nr. 10/1960, skulu allir söluskattskyldir aðilar tilkynna skattstjóra upphaf og lok atvinnurekstrar, svo og aðrar breytingar, sem máli skipta fyrir skattyfirvöld. Þessi ákvæði munu ekki hafa verið framkvæmd eftir bókstafnum. Þegar starfsemi fyrirtækjaskrár er komin í fullan gang, munu tilkynningar til hennar um upphaf og lok rekstrar o. fl. koma í stað tilkynninga samkvæmt söluskattslögum. — Þá er einnig rétt að geta þess, að í 12. gr. laga nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu, er svo fyrir mælt, að hver sá, sem hefur leyfi til að stunda verzlun, skuli tilkynna Hagstofunni heimilisfang starfsstöðvar og breytingu á því. Má því segja, að tilkynningarskylda sú, er 6. gr. frv. gerir ráð fyrir að heimiluð verði, hafi þegar verið lögfest að því er varðar verzlunarfyrirtæki.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að skattstjóráskrifstofurnar verði öðrum stofnunum fremur Hagstofunni til aðstoðar við starfrækslu fyrirtækjaskrár. Ákvæði þessarar gr. um aðstoð annarra opinberra aðila við fyrirtækjaskrá eru hliðstæð fyrirmælum í lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar gr. miða að því að styrkja aðstöðu Hagstofunnar til öflunar nauðsynlegra upplýsinga til fyrirtækjaskrár. Fyrri málsgr. þessarar gr. er efnislega samhljóða 5. málsgr. 11. gr. söluskattslaga, nr. 10/1960.

Um 9. gr.

Með ákvæðum þessarar gr. er Hagstofunni veitt almenn heimild til að krefja fyrirtæki um upplýsingar til hagskýrslugerðar, „að svo miklu leyti sem eðlileg þörf fyrir slíka skýrslusöfnun segir til um“. Hér er aðallega höfð í huga almenn skýrslusöfnun — sem kalla má „hagtal“ — um rekstur og hagi fyrirtækja í einstökum atvinnuvegum.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru efnislega samhljóða ákvæðum í 18. og 19. gr. laga nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Um 12. gr.

Með hliðsjón af því, að þýðing aðalmanntals — er samkvæmt lögum nr. 4/1920 skal tekið þau ár, er ártalið endar á núlli — er nú orðin allt önnur og minni en áður var, þykir rétt að heimila breytt form á öflun upplýsinga af því tagi, sem hér um ræðir. Áður voru aðalmanntöl m. a. nauðsynleg til að afla vitneskju um tölu mannfjöldans og skiptingu hans eftir kyni, aldri og stöðum á landinu, o. þ. h. Frá þjóðskránni liggur nú fyrir snemma í janúar á hverju ári fullnægjandi vitneskja um þessi atriði miðað við næstliðinn 1. desember, og eru aðalmanntöl því orðin óþörf til skýrsluöflunar um þau. Að því er varðar aðrar upplýsingar, sem aflað hefur verið með aðalmanntölum, er það að segja, að mikið af þeim er nú fáanlegt með fyrirhafnarminni, fljótverkari og ódýrari hætti, og að því er snertir atvinnuupplýsingar sérstaklega, opnar fyrirtækjaskrá nýjar leiðir til öflunar þeirra. Í 12. gr. frv. er fjármálaráðherra því heimilað að ákveða, að í stað hefðbundins aðalmanntals árið 1970 megi láta fara fram athugun á mannafla þjóðarinnar til atvinnustarfa, með þeim hætti, sem Hagstofan ákveður í samráði við aðra opinbera aðila, sem mál þetta snertir.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14.—15. gr.

Ákvæði þessarar gr. um viðurlög eru í meginatriðum sama efnis og ákvæði 6. og 7. gr. í lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.